

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/2827

komudagur 30.5.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

30. maí 2011

Tilvísun: 2011050065

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um ökutækjatryggingar (heildarlög, EES-reglur), 711 mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, sem barst eftirlitinu þann 11. maí sl., þar sem óskað var eftir umsögn við frumvarp til laga um ökutækjatryggingar (heildarlög, EES-reglur), 711 mál.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

## 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar skuli tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 6. gr. Tilvísun í nefndu ákvæði á væntanlega að vera til 2. mgr. 6. gr.

## 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um upplýsingamiðstöð, sem veita á tjónþola aðstoð við að afla grundvallarupplýsinga vegna meðferðar tjónamáls. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að greinin sé samhljóða 94. gr. b. umferðarlaga og feli í sér innleiðingu á 23. gr. tilskipunar 2009/103/EB. Í frumvarpi til laga nr. 26/2003 sem breyttu umferðalögum nr. 50/1987 kemur fram að ákvæði 94. gr. b. byggi á 5. gr. tilskipunar nr. 2000/26/EB. Ákvæði 23. gr. tilskipunar nr. 2009/13/EB og 5. gr. tilskipunar 2000/26/EB eru samhljóða. Fjármálaeftirlitið telur að eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu þá feli 1. málsliður ákvæðisins í sér ákveðna mótsögn við bókstafslíðina sem á eftir koma sbr. t.d. orðalag 1. málsliðar þar sem segir „ef tjónþoli er búsettur hérlandis“ borið saman við a- lið þar sem segir: „tjónþoli sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum“. Sama á við bókstafslíði b. og c.

Í nefndum tilskipunum segir: „Member States shall ensure that the injured party is entitled for a period of seven years after the accident to obtain without delay from the information centre of the Member State where he resides, the Member State where the vehicle is normally based or the Member State where the accident occurred the following information: [...] ”

Með hliðsjón af framanrituðu leggur Fjármálaeftirlitið til að orðalag ákvæðisins verði eftirfarandi í samræmi við orðalag tilskipunarinnar:

*Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða tjónþola við öflun grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls af völdum ökutækis sem er vátryggt í EES- eða EFTA ríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um grænt kort. Þetta gildir þó aðeins að:*

- a. tjónþoli sé búsettur héraðs eða,*
- b. ökutækið sé að öllu jöfnu staðsett hér eða,*
- c. tjónið hafi orðið hér á landi.*

Fjármálaeftirlitið hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Guðrún Áslaug Jónsdóttir